

	HAGF2PE05 - Þjóðhagfræði Kaflapróf úr köflum 10 - 18	Haustönn 2025
	Nafn: LAUSN	Eink.:

35% Krossaðu við rétt svar. 1 kross á dæmi.

1. Verðþiggjandi markaðsaðili er aðili sem

- ☐ þiggur verð frá samkeppnisaðila
- ☒ **þiggur það verð sem ákveðið er af markaðsöflunum**
- ☐ þiggur verðið frá frænda sínum
- ☐ þiggur verðið frá hinu opinbera

2. Fullkomin samkeppni er þegar

- ☐ einn framleiðandi ræður verðinu á vörunni og aðrir framleiðendur fylgja eftir
- ☐ einn og bara einn framleiðandi framleiðir vöruna og ákveður vöruverðið
- ☒ **margir og smáir framleiðendur og enginn er ráðandi í verði vörunnar**
- ☐ allt er fullkomið og í himnalagi

3. Hver af eftirfarandi framleiðslupáttum er mest fastur?

- ☐ Smiður
- ☐ Kennari
- ☐ Viðskiptafræðingur
- ☒ **Kjarnorkufræðingur**

Hvers vegna?

Kjarnorkufræðingur ætti hvað erfiðast með að fá aðra sambærilega vinnu ef honum yrði sagt upp. Ástæðan er sú að starf hans er svo sérhæft.

4. Hver eftirfarandi kosta við einkavæðingu er EKKI kostur?

- ☐ Reksturinn batnar
- ☐ Frumkvæði og nýsköpun leysist úr læðingi
- ☐ **Samkeppni minnkar**
- ☐ Auknar tekjur hins opinbera

5. Verðbólga er

- ☐ þegar samkeppnisaðilar hækka sín verð
- ☐ þegar vextir hækka
- ☐ þegar verð bólgnar út
- ☐ **hækkun á almennu verðlagi á einu ári**

6. Philips kúrvan tekur á sambandi

- ☐ **verðbólgu og launahækkana**
- ☐ verðlags og launa
- ☐ gjaldeyrisviðskipta og verðbólgu
- ☐ launahækkana og gjaldeyrisviðskipta

7. Atvinnuleysi vegna samdráttar í samfélaginu er vegna

- ☐ samdráttar í launaumslagi almennings
- ☐ **of lítilli eftirspurn eftir vörum og þjónustu í þjóðfélaginu**
- ☐ hárrar verðbólgu í þjóðfélaginu
- ☐ of lágs verðlags á vörum og þjónustu

8. 15% Hver er skilgreiningin á hreinni landsframleiðslu?

Hrein landsframleiðsla er verðmæti alls þess sem framleitt er í landinu, hvort sem fyrirtækin eru í eigu Íslendinga eða útlendinga, að frádregnum afskriftum.

Verg landsframleiðsla – afskriftir = hrein landsframleiðsla

9. 10% Eftirfarandi eru tölur úr reikningum þjóðarinnar Air Nomads fyrir árið 2017. Hversu mikil eru útgjöld hins opinbera (*Finnið X*)?

Einkaneysla..... 1200

Fjárfestingar 900

Útgjöld hins opinbera**X**

Útflutningur..... 850

Innflutningur 900

Landsframleiðsla 2750

$$1200 + 900 + x + 850 - 900 = 2750$$

$$x = 2750 - 1200 - 900 - 850 + 900$$

$$x = 700$$

Formúlan:

Einkaneysla + Fjárfestingar + Útgjöld hins opinbera + Útflutningur – Innflutningur = Landsframleiðsla

10. 20% Atvinnuleysi er mjög slæmt fyrir hvern þann sem upplifir það.
Hverjar eru helstu afleiðingar atvinnuleysis á samfélög?

- *Atvinnuleysi skerðir lífskjör þjóðarinnar*
- *Atvinnuleysi er heilsuspillandi*
- *Atvinnuleysi fylgir aukin afbrot, áfengisneysla og neysla annarra vímuefna*
- *Atvinnuleysi veldur fátækt*

11. 20% John Maynard Keynes birti almenna kenningu sína um atvinnu, vexti og peninga í miðri kreppunni (1936).
Hver var þessi kenning Keynes?

Kenning Keynes var að eftirspurn eftir vinnuafli væri afleidd eftirspurn. Það væri í raun eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem skapaði eftirspurn eftir vinnuafli

Keynes taldi að ríkið ætti að sýna gott fordæmi og stuðla að öflugum framkvæmdum á samdráttartímum. Við það ykist eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem síðan yki eftirspurnina eftir vinnuafli.